Fuglavernd
Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

**Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra**
**Umhverfisráðuneyti**
**Skuggasundi 1**
**Reykjavík**

**Varðar umræður um veiðitíma rjúpu árið 2011**

Fuglaverndarfélag Íslands styður veiðibann rjúpu árið 2011 á þeirri forsendu að ekki liggi fyrir nægjanlegar upplýsingar um áhrif veiða á stofninn til að réttlæta veiðar. Stjórn Fuglaverndar gengur út frá þeirri grunnreglu að veiðar á rjúpa, svo og öðrum fuglum, séu aðeins heimilaðar ef byggt er á rökstuddum undanþágum og slíkar undanþágur feli í sér að veiðiþol sé hafið yfir vafa, þær séu sjálfbærar frístundaveiðar og aldrei stundaðar í atvinnuskyni. Skortur á upplýsingum getur ekki verið réttlæting fyrir veiðum.

Reykjavík 4. október 2011

F.h. stjórnar Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir
Framkvæmdastjóri.